



Greinargerð B-hluta fyrirtækja 2024

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2024
Lagt fram í borgarráði 10. Apríl 2025



Reykjavík

Efnisyfirlit

B-hluti2

 Faxaflóahafnir2

 Félagsbústaðir7

 Orkuveita Reykjavíkur12

 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.19

 SORPA bs.23

 Strætó.....29

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki37

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.


Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Rekstrarniðurstaða

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 2024	Áætlun	Frávik	%	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.469	5.684	785	13,8%	5.639	830	14,7%
Rekstrargjöld	-4.241	-3.899	-342	8,8%	-3.823	-418	10,9%
EBITDA	2.228	1.785	443	24,8%	1.816	412	22,7%
Afskriftir	-898	-988	90	-9,1%	-974	76	-7,8%
EBIT	1.330	797	533	66,9%	842	487	57,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	288	40	248	n/a	274	14	n/a
Óreglulegir liðir (úthlutun lóðar)	34	0	34	n/a	420	-386	n/a
Rekstrarniðurstaða	1.652	837	815	97,4%	1.537	115	7,5%

Rekstrarniðurstaða ársins 2024 var 115 m.kr. hærri en árið áður eða 7,5% og 815 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í útkomuspá félagsins eða 97,4%. Tekjur ársins voru 14,7% eða 830 m.kr. hærri en árið áður og 785 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 13,8%. Rekstrargjöld hækka um 10,9% milli ára og eru 4.241 m.kr. eða 418 m.kr. hærri en árið áður. Áætlun ársins gerði ráð fyrir 3.899 m.kr. í rekstrargjöld og eru þau því 8,8% hærri en útkomuspá gerði ráð fyrir. Afskriftir námu 898 m.kr. og eru 76 m.kr. lægri en árið áður en áætlun ársins gerði ráð fyrir 988 m.kr. og eru 90 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 9,1%.



Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnskostnaði námu 288 m.kr. en voru 274 m.kr. árið áður. Lóð á Grundartanga var úthlutað fyrir 33 m.kr. og einnig seldir bílar sem voru að mestu afskrifaðir.

Þegar horft er til EBITDA hlutfalls er það í takt við útkomuspá og hækkar um 2,2% milli ára. Áskoranir félagsins felast meðal annars í að halda þétt utan um rekstrarkostnað og ná hagkvæmum samningum við birgja með hliðsjón af fjárfrekari tekjuliðum s.s. þjónustu við farþegaskip.

Rekstrarniðurstaða á sviði félagsins

	2024	2023		2024	2023		2024	2023		2024	2023		2024	2023	
	Hafnarþjónusta	Breyting		Hafnarvirki	Breyting		Eignaleiga	Breyting		Stjórnun & Framkv.	Breyting		Samtals	Breyting	
Rekstrartekjur	2.070	1.500	38,0%	3.067	2.905	5,6%	1.327	1.234	7,5%	0	0	n/a	6.463	5.639	14,7%
	2.070	1.500	38,0%	3.067	2.905	5,6%	1.327	1.234	7,5%	0	0	n/a	6.463	5.639	14,7%
Laun og tengd gjöld	-813	-763	6,6%	-510	-495	3,1%	-74	-77	-3,9%	-447	-414	7,3%	-1.845	-1.749	5,5%
Rekstrarkostnaður	-611	-633	-3,5%	-601	-367	63,9%	-441	-444	-0,6%	-158	-157	0,3%	-1.812	-1.600	13,2%
Stjórnunarkostnaður	-293	-238	23,1%	-38	-19	100,0%	-18	-13	41,5%	-235	-203	13,6%	-584	-473	23,6%
	-1.717	-1.634	5,1%	-1.150	-881	30,5%	-534	-534	0,0%	-839	-774	8,4%	-4.241	-3.823	10,9%
Hlutdeild í stjórnunarkostnaði	-252	-232		-336	-310		-252	-232		839	774		0	0	
	101	-366	n/a	1.582	1.714	n/a	541	468	n/a	0	0	n/a	2.222	1.816	22,7%



Tekjur hafnarþjónustu hækka um 38% milli ára, en aukning farþegaskipta leiðir til aukinnar þjónustu við farþegaskip. Laun hækka um 6,6% en rekstrarkostnaður lækkar milli ára en mest um munar bátar voru fylltir af olíu í árslok 2023. Tekjur af hafnarvirkjum hækka um 5,6% á milli ára. Aukning í vöruflutningum frá fyrra ári er hér stærsti liðurinn. Laun hækka óverulega milli ára en rekstrarkostnaður eykst og hér má nefna sérstaklega öryggisráðstafnir sem eru teknar vegna framkvæmda á Skarfabakka. Einnig geta sérgreind rekstrarverkefni hreyfst á milli ára en félagið er enn í viðhaldsskuld eftir covid árin. Tekjur af eignaleigu hækka í takt við verðbreytingar á fasteignamati og byggingavísitölu. Laun eru undir áætlun en hér geta liðir hliðrast vegna rekstrarverkefna sem dreifast milli deilda félagsins. Rekstrarkostnaður er svipaður og á fyrra ári en rekstrar- og fjárfestingaverkefni sviðsins hreyfast nokkuð milli tímabila. Laun stjórnar- og framkvæmdasviðs hækka milli ára miðað við sama tíma í fyrra en aukið var um eitt stöðugildi á tímabilinu. Rekstrar- og stjórnunarkostnaður er samtals svipaður og árið á undan.

Rekstrartekjur

Síðustu árin hafa rekstrartekjur verið að aukast töluvert á milli ára og það sama á við um árið 2024. Flestir tekjuliðir hækka milli ára, en skipagjöld lækka um 99 m.kr. þar sem færri skip komu til hafnar auk þess að samanlögð stærð skipa er minni í ár eða 20,46 m. tonn á móti 20,74 m. tonnum árið á undan. Vöruflutningar um hafnarsvæði aukast töluvert og hækka vörugjöld um 207 m.kr. milli ára. Siglingavernd er reiknuð stærð af vörugjöldum og farþegakomum og fylgir sú tekjuaukning ofangreindum liðum ásamt áhrifa af uppfærslum gjaldskrár varðandi skimunarþjónustu. Undir óreglulegum liðum er úthlutun á lóð á Grundartanga 34 m.kr. var tekjufærð á árinu 2024.

Þegar horft er til hlutfallsskiptingar tekna, eru vörugjöld og hafnarþjónusta áfram stærstu liðir tekna en eignatekjur koma þar fast á eftir. Á myndunum hér fyrir neðan sést þróun rekstrartekna eftir tekjuflokkum og hlutfallsskipting þeirra á árinu 2024.


	Raun 2024	Raun 2023	Raun 2022	Raun 2021	Raun 2020
Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]					
Vörugjöld	1.682	1.475	1.624	1.512	1.180
Aflagjöld	257	240	274	151	163
Skipagjöld	971	1.070	636	436	312
Farþegagjald	133	112	69	19	6
Eignatekjur *	1.349	1.234	1.161	1.093	1.007
Hafnarþjónusta	1.378	1.051	941	601	461
Siglingavernd	694	452	454	332	217
Tekjur samtals	6.463	5.634	5.159	4.145	3.345




Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 2.348 m.kr. í tekjur, sem er 229 m.kr. hærra en árið áður. Eins og greinir hér að ofan var umferð flutningaskipa og árið áður og því aukning í vöruflutningum. Þó komur farþegaskipa hafi fækkað á tímabilinu, þá er töluverð aukning í farþegaskiptum og tekjum í tengdri þjónustu við skipin. Flutningaskip eru þó áfram langstærsti tekjuliðurinn þegar horft er til flokkunar eftir tegundum skipa.

Hlutfall tekna í % eftir tegundum skipa



Hlutfall koma í % eftir tegundum skipa



Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum sem jafnframt mynda stofn eignatekna hækka milli ára og skýrist það af hækkun á fasteignamati lóða sem notað er við útreikninga lóðaleigu sem og hækkunar á BVT sem notuð er við útreikninga húsaleigu. Flestar eignir félagsins eru í langtímaútleigu.

Rekstrargjöld

Faxaflóahafnir sf. [m.kr.]	Raun 2024 12	Raun 2023 12	Raun 2022 12	Raun 2021 12	Raun 2020 12	Raun 2019 12
Laun og tengd gjöld	1.845	1.701				
Rekstrarkostnaður	1.812	1.649				
Stjórnun	584	473				
Gjöld samtals	4.241	3.823	2.961	2.417	1.845	1.811

miðað við fyrra ár og rekstrarkostnaður um 163 m.kr. en rekstur við þjónustu skemmtiferðaskipa er fjárfrekur og aukning í viðhaldsverkefnum á árinu. Stjórnunarkostnaður hækkar um 111 m.kr. á milli ára. Helstu viðhaldsverkefni á árinu voru eftirfarandi (m.kr.):

Farþegaaðstaða á Skarfabakka 118 m.kr.

Rekstur við farþegamiðstöð er nokkuð fjárfrekur, bæði við að koma tjöldum og öðru upp og svo einnig að ganga frá eignum fyrir veturinn. Þar sem er um bráðabirgðaaðstöðu að ræða, skapast einnig kostnaður við tímabundnar merkingar og öryggisráðstafanir sem þarf til að tryggja farþega og umferð á svæðinu.

Endurbætur á Viðeyjarferju 65 m.kr.

Ráðist var í endurbætur á landgangi fyrir Viðeyjarferju, m.a. að gera aðgengi fatlaðra auðveldara.

Endurnýjun á þaki Bakkaskemmu 71 m.kr.

Áframhald var á viðhaldsvinnu á Bakkaskemmu en verkefnið var töluvert stærra en gert var ráð fyrir í upphafi. Búið er að endurnýja allt þakið og þakkantinn.

Sinkun á hafnarbökkum 32 m.kr.

Í vetur hefur verið unnið að þilviðgerðum á Miðbakka, (komið hafa í ljós göt á stálþilinu). Þessari viðgerð er ekki enn lokið. Auk þess hefur verið unnið að því að setja upp fórnarsink á þilið sem hamla tæringu á þilinu. Búið er að ljúka við Miðbakka og Grófarbakka.

Viðgerð á Miðbakka 10 m.kr.


Í vetur hefur verið unnið að þilviðgerðum á Miðbakka, (komið hafa í ljós göt á stálþilinu). Auk þess hefur verið unnið að því að setja upp fórnarsink á þilið sem hamla tæringu á þilinu. Viðgerðin er á lokastigi.

Launakostnaður

Laun á tímabilinu	2024	2023	2022	2021	2020
Bækistöð	301	267	213	195	189
Húseignir	27	29	30	28	28
Hafnargæsla Grundartanga	91	79	69	66	51
Hafnarþjónusta	1.022	953	843	628	656
Skrifstofa og stjórnun	404	373	306	303	276
Laun samtals	1.845	1.701	1.461	1.220	1.200

Fjöldi stöðugilda á tímabilinu	2024	2023	2022	2021	2020
Bækistöð	13	13	13	13	13
Húseignir	2	2	2	2	2
Hafnargæsla Grundartanga	5	5	5	5	5
Hafnarþjónusta	36	36	35	31	31
Skrifstofa og stjórnun	20	20	17	18	18
Stöðugildi samtals	76	76	72	69	69

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. árið 2024 voru samtals 4.241 m.kr. er það 418 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Útgjöld félagsins ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sértækum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Laun hækkuðu um 144 m.kr.



Heildarlaunakostnaður hækkaði úr 1.701 m.kr. í 1.845 m.kr. eða samtals 144 m.kr. milli ára. Farið var í tímanlega í ráðningar vegna komu farþegaskipa til að vera vel undirbúin undir álag sumarsins. Að auki halda Faxaflóahafnir úti sólarhringsvöktum í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga. Fjöldi stöðugilda hélst óbreyttur milli ára. Launakostnaður er einn meginútgjaldaliður félagsins.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Tekjur af fjármagnsliðum námu 288 m.kr. Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 1.330 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 34 m.kr. nemur rekstrarafgangur tímabilsins m.kr. 1.652 og er þar innifalin úthlutun á lóð á Grundartanga.

Efnahagur

Efnahagur félagsins er sterkur og námu heildareignir félagsins 20.365 m.kr. í árslok og hækkuðu þær um 8,3% á árinu.

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting ár	%
Fastafjármunir	15.117	14.260	857	5,7%
Veltufjármunir án handb.fjár	427	372	54	12,8%
Handbært fé	4.821	4.051	770	16,0%
Eignir samtals	20.365	18.683	1.682	8,3%
Eigið fé	19.691	18.123	1.568	8,0%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	674	560	114	16,9%
Skuldir samtals	674	560	114	16,9%
Skuldir og eigið fé samtals	20.365	18.683	1.682	8,3%

Veltufé frá rekstri nam 2.517 m.kr. í lok árs. Breyting var til hækkunar á handbæru fé frá rekstri um 49 m.kr. vegna rekstartengdra eigna og skulda. Fjárfestingar nettó voru 1.736 m.kr. frá áramótum en þar af námu nýfjárfestingar 1.783 m.kr. og með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Handbært fé hækkaði um 770 m.kr á árinu og var í árslok 4.821 m.kr.

Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum [m.kr.]	Raun 2024	2024_Á	Raun 2023
Gamla höfnin	219	230	385
Sundahöfn	1.016	2.215	352
Grundartangi	40	259	58
Akranes	202	590	412
Borgarnes	0	1	
Annað	306	700	225
Fjárfestingar samtals	1.783	3.995	1.432

Helstu fjárfestingaverkefni á árinu 2024 eru eftirfarandi (í m.kr.)

Farþegamiðstöð á Skarfabakka 898 m.kr.

Á árinu 2024 hófust verklegar framkvæmdir á byggingu nýrrar farþegamiðstöðvar á Skarfabakka

Færsla spennustöðvar á Skarfabakka 131 m.kr.

Færa þurfti spennistöðina á Skarfabakka og er verkið hluti af undirbúning fyrir nýja farþegamiðstöð.

Lenging aðalhafnargarðar á Akranesi 200 m.kr.

Áframhald var á framkvæmdum vegna lengingar á aðalhafnargarðinum á Akranesi.

Endurnýjun lagna á Austurbakka og Miðbakka 194 m.kr.

Endurnýja þurfti lagnir á bökkunum og er verkið á lokametrum og mun klárast í byrjun árs 2025.

Endurnýjun lýsingar 52 m.kr.

Unnið var að endurnýjun lýsingar á nokkrum stöðum (Grundatangahöfn 35 m.kr), Vesturhöfn (16 m.kr.) og einnig voru tekin fyrstu skrefin tekin í Sundahöfn og Austurhöfn á tímabilinu. Það er mikilvægur öryggisþáttur innan hafnasvæða að hafa góða lýsingu.


Tæki og búnaður vegna skemmtiferðaskipa 148 m.kr.

Fjárfest var í búnaði vegna þjónustu við skemmtiferðaskip. Keyptir voru skannar (20 m.kr.), öryggisteygjubönd (94 m.kr.), gámahús (5 m.kr.), tjaldskemma (5 m.kr.), girðing (22 m.kr.) og farangurskerrur (2,5 m.kr.)

Fastafjármunir hækka um 857 m.kr. eða 5,7% á tímabilinu og veltufjármunir án handbærs fjár um 12,8% eða 54 m.kr. Sjóðsstaða félagsins er sterk og hækkaði um 770 frá sama tíma og í fyrra.

Eigið fé hækkar um 1.568 m.kr. eða 8% milli ára og er félagið ekki með neinar langtímaskuldir. Skammtímaskuldir í árslok eru 114 m.kr. hærri en árið áður eða 16,9%.

Sjóðstreymi 31.12.2024 (m.kr.)



Fjárfestingaverkefni fóru ekki eins hratt af stað í byrjun árs og eru ástæður, m.a. seinkun á leyfisveitingum vegna framkvæmda á Skarfabakka, hliðranir milli tímabila á innkaupum vegna stórfamkvæmda (stál, landtengingar o.fl.). Einnig eru seinkanir á dýpkunum í Sundahöfn en Umhverfisstofnun hefur ekki veitt tilskilin leyfi vegna mengun í jarðvegi. Verið er að vinna með stofnuninni að lausn og útlit fyrir að byrjað verði á því verki sumarið 2025.

Bílastæði – landfylling á Klettagörðum 31 m.kr.

Verið er að vinna í landfyllingu á Klettagörðum sem mun þjóna sem bílastæði í framtíðinni.

Eftirfarandi tafla dregur saman helstu **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2020-2024:

Faxaflóahafnir	2020	2021	2022	2023	2024
Eiginfjárlutfall	96,3%	96,6%	96,8%	97,0%	96,7%
Arðsemi eigin fjár	2,6%	5,7%	8,3%	8,4%	8,9%
Veltufjárlutfall	1,77	4,26	8,38	7,90	7,79
Heildarskuldir/rekstrartekjum	16,2%	13,2%	11,6%	9,9%	10,4%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	25,7%	39,2%	41,5%	37,0%	38,9%
Framlegð (EBITDA)/rekstrartekjur	27,8%	39,9%	40,0%	32,2%	34,4%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 1.330 m.kr sem var 487 m.kr. betri niðurstaða en árið 2023 eða um 36,7%
- Kennitölur félagsins endurspegla styrk félagsins. Eiginfjárlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárlutfallið er mjög sterkt 7,79 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.
- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir 75% hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna sf.	Raun 2024	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.888	4.261	627	14,7%
Rekstrargjöld	-3.204	-2.888	-316	10,9%
EBITDA	1.683	1.372	311	22,7%
EBIT	1.005	637	368	57,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	218	207	11	5,1%
Óreglulegir liðir (tekjur)	26	317	-292	-92,0%
Rekstrarniðurstaða	1.248	1.161	87	7,5%

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að halda áfram rýningu á fjármagnsskipan félagsins með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárlutfalls. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.

Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða eru gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	2024	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	7.078	6.459	619	9,6%
Rekstrargjöld	-4.104	-4.075	-28	0,7%
Framlegð (EBITDA)	2.974	2.384	591	24,8%
Matsbreyting fjárfestingareigna	2.592	4.741	-2.149	-45,3%
Afskrift eigna til eigin nota	-17	-17	0	-1,1%
Hrein fjármagnsgjöld	-4.272	-5.726	1.453	-25,4%
Rekstrarniðurstaða	1.277	1.383	-105	-7,6%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingareignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingareign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á árinu 2024 námu 7.078 m.kr. og jukust um 9,6% milli ára en hækkunina má rekja til verðlagsbreytinga, betra nýtingarhlutfall eigna ásamt fjölgunar eigna milli ára. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 4,8% á árinu 2024.


Rekstrargjöld voru 4.104 m.kr. eða 28 m.kr. (0,7%) hærri en árið áður. **Rekstur fasteigna** var 31 m.kr. (4,7%) hærri en árið áður, **Viðhald og framkvæmdir** voru 145 m.kr. (-7,3%) lægri en árið áður og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 90 m.kr. (12,2%) hærri en árið áður. Standsetningar milli leigjendaskipta, framkvæmdagjöld húsfélaga og viðhald íbúða í búsetu lækkuðu frá fyrra ári en mesta lækkunin var í standsetningum milli leigjanda, lækkun um 198 m.kr., og framkvæmdagjöldum húsfélaga, lækkun um 99 m.kr. Fjöldi standsetninga milli leigjanda dróst saman um 20,9% milli ára ásamt því að meðalkostnaður á hverja íbúð hefur lækkað um 6,6%. Framkvæmdagjöld húsfélaga lækkuðu milli ára en það skýrist af lægri kostnaði að jafnaði í hverju húsfélagi en hann dróst saman um 20,4% á hverja eign og á sama tíma fækkaði eignum sem báru kostnað um 4,1%. Viðhald sameigna jókst á milli ára en það má rekja einna helst til átaks sem var farið í í stigagöngum sameigna í fullri eigu Félagsbústaða undir lok árs 2024 þar sem stigagangur voru meðal annars málaðir, skipt um ljós og rafmagn yfirfarið ásamt fleiru.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 718 m.kr. á árinu eða 52 m.kr. hærri en á árinu 2023. **Launakostnaður** hækkaði um 8,2% milli ára vegna launahækkana. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 19 m.kr. hærri en á árinu 2023. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** var 54 m.kr. eða 5 m.kr. lægri en á árinu 2023. Afskriftir viðskiptakrafna eru nokkuð sveiflukenndar en hafa verið tæplega 1% tekna undanfarin ár.

Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	2024	Raun 2023	Breyting	%
Rekstur og viðhald eignasafns				
Rekstur fasteigna	704	672	31	4,7%
Viðhald og framkvæmdir	1.850	1.995	-145	-7,3%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	832	742	90	12,2%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	3.386	3.409	-23	-0,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður				
Laun og launatengd gjöld	494	456	37	8,2%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	170	151	19	12,6%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	54	59	-5	-7,9%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	718	666	52	7,8%
Rekstrargjöld alls:	4.104	4.075	28	0,7%

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	2024	Raun 2023	Breyting	%
Standsetningar milli leigjenda	507	705	-198	-28,1%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséd viðhald)	357	416	-60	-14,3%
Viðhald sameigna	500	379	120	31,7%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	371	469	-99	-21,0%
Annað	116	25	91	357,3%
Viðhald og framkvæmdir alls:	1.850	1.995	-145	-7,3%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBITDA%) er 42,0% eða 5,1%-stigi hærra en á árinu 2023.



Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	161.497	157.450	4.048	2,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.151	704	448	63,6%
Handbært fé	46	429	-383	-89,3%
Eignir samtals	162.695	158.583	4.112	2,6%
Eigið fé	86.427	85.149	1.277	1,5%
Skuldbindingar	11.532	10.507	1.025	9,8%
Langtímaskuldir	62.120	60.444	1.676	2,8%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.655	1.565	90	5,7%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	961	917	44	4,8%
Skuldir og skuldbindingar samtals	76.268	73.433	2.835	3,9%
Skuldir og eigið fé samtals	162.695	158.583	4.112	2,6%

Heildareignir félagsins námu 162.695 m.kr. í árslok 2024 og jukust um 2,6% frá upphafi árs. Fjárfestingareignir jukust um 2,6% eða 4.062 m.kr., fjárfest var fyrir 960 m.kr., leigueignir jukust um 39 m.kr. og matsbreyting nam 3.062 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærslupörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 3.885 m.kr. við lok árs.


Eigið fé hækkaði um rúmlega 1.277 m.kr. frá ársbyrjun 2024 sem skýrist af matsbreytingu fjárfestingareigna á árinu. Eiginfjárlutfall í lok árs er 53,1% en var 53,7% í lok árs 2023.

Félagsbústaðir festu kaup á 35 nýjum íbúðum á árinu 2024, 8 eignir voru seldar á árinu.

Leiguhúsnæði, 3.145 íbúðir skipting:




Sjóðstreymi



Fjárfestingar félagsins á árinu 2024 námu 1.739 m.kr. og þau voru fjármögnuð með handbæru fé, lántöku hjá HMS, 474 m.kr., og stofnframlögum frá ríki og Reykjavíkurborg, 765 m.kr.


Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af afborgunum er yfir 1 fyrir árið 2024 eftir að hafa verið 0,74 fyrir árið áður. Að undanskildu árinu 2023 hefur hlutfallið haldist stöðugt yfir einum frá árinu 2020. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku og stofnframlögum. Félagið tók lán hjá HMS, 474 m.kr., undir lok árs 2024. Lánið er til 50 ára og ber 3,70% verðtrygga vexti, fasta til 10 ára.



¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða árin 2020-2024 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2020	2021	2022	2023	2024	Markmið
Eiginfjárhlutfall	48,6%	53,2%	56,1%	53,7%	53,1%	
Veltufjárhlutfall	0,52	1,23	0,18	0,46	0,46	
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir	2,00	2,11	2,18	1,80	2,23	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	1,06	1,01	1,01	0,86	1,01	0,9
Uppgreiðslutími	44	43	42	58	39	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli afgreiddum afborg.	1,14	1,02	1,01	0,74	1,03	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	23,2%	23,6%	23,0%	16,5%	23,4%	

EBIT án matsbreytingar fjárfestingareigna*

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á árinu 2024 og hækkun eigin fjár má rekja til matsbreytinga fjárfestingareigna. Matsbreyting fjárfestingareigna á árinu nam 2.592 m.kr. samanborið við 4.741 m.kr. árið 2023 og 19.823 m.kr. árið 2022.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat 2025 á íbúðum félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2024 og hins vegar er miðað við 4,8% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til loka árs 2024. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem hækkaði um 24,8% á milli ára, en tekjur hækkuð um 9,6% og rekstrargjöld hækkuðu um 0,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri nam 1.654 m.kr. á árinu 2024 og er hærra en afborganir langtímalána sem námu 1.606 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 11,7% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,23 og skuldaþekja hækkaði einnig í 1,01 árið 2024 (1,80 og 0,86 í lok árs 2023). Vaxtaþekja er yfir lágmarki 1,4 og skuldaþekja er einnig yfir lágmarki sem er 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Félagið tók lán hjá HMS undir lok árs að andvirði 474 m.kr. Lánið er til 50 ára og ber 3,70% verðtryggða vexti, fasta til 10 ára. Greiðslu vegna stofnframlaga frá ríki og borg á árinu námu samtals 765 m.kr. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki og Reykjavíkurborg stóð í 228 m.kr. í lok árs 2024.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:


- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna eykur þrýsting á hækkun leigu.
- Unnið er að endurskoðun á rekstrarlíkani Félagsbústaða með hliðsjón að því að tryggja sjálfbærni félagsins. Mikilvægt er að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir sem fyrst.

Orkuveita Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	66.782	61.169	5.613	9,2%
Rekstrargjöld	-27.720	-25.469	-2.251	8,8%
EBITDA	39.062	35.701	3.361	9,4%
Afskriftir	-16.830	-15.797	-1.033	6,5%
EBIT	22.232	19.904	2.328	11,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-12.237	-13.124	886	-6,8%
Tekjuskattur	-689	-380	-309	81,4%
Afkoma	9.309	6.400	2.909	45,4%

Rekstrarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 9.309 m.kr. sem er hækkun um 2.909 m.kr. á milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna hækkunar á tekjum um 5.613 m.kr. á milli ára en einnig vegna lækkunar fjármagnsgjalda um 886 m.kr.

Rekstrarafkoma (EBITDA) hækkar um 3.361 m.kr (9,4%) á milli tímabila.




Rekstrartekjur hækkuðu um 5.613 m.kr. eða 9,2% milli tímabila. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af heitu vatni og rafmagni ásamt því að tekjur vegna innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hafa áhrif til hækkunar m.v. samanburðartímabil.

Tekjur eftir starfsþáttum (í mkr)	Raun 2024	Raun 2023	Mism.	%
Veitur	42.671	37.876	4.795	12,7%
Orkusala og framleiðsla	17.908	18.242	-334	-1,8%
Önnur starfsemi	6.203	5.051	1.152	22,8%
	66.782	61.169	5.613	9,2%

Tekjur skiptast á þrjá starfsþætti: Veitur, orkusölu og framleiðslu og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 34,6% af heildartekjum Orkuveitunnar.


í m.kr.



Rekstrargjöld án afskrifta hækka um 2.251 m.kr. milli ára eða 8,8%. Orkukaup og flutningur lækka um 73 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 925 m.kr. og skýrist meðal annars af fjölgun starfsmanna, kjarasamningshækkunum, innvistun, auknum umsvifum og uppbyggingar á starfsemi í Carbfíx. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 1.399 m.kr. sem skýrist að mestu af innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans, uppbyggingu á starfsemi Carbfíx, viðhaldskostnaði mannvirkja sem og verðlagstengdum hækkunum.

Rekstrargjöld (m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	7.191	7.264	-73	-1,0%
Laun og launatengd gjöld	10.724	9.799	925	9,4%
Annar rekstrarkostnaður	9.804	8.405	1.399	16,6%
	27.720	25.469	2.251	8,8%

í m.kr.



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld og greiddar verðbætur lækka um 723 m.kr. samanborið við síðasta ár, þar af lækka áfallnar verðbætur um 1.897 m.kr. milli ára og nema tæpum 5,5 ma.kr. á árinu 2024 en vaxtagjöld hækka um 1.174 m.kr. milli ára. Vaxtatekjur hækka um 483 m.kr. á milli ára. Ábyrgðagjald til eigenda lækkaði um 67 m.kr. vegna lána sem eru enn í ábyrgð eigenda. Samtals gerir þetta lækkun um 1.306 m.kr. á vaxtagjöldum og verðbótum á milli ára.

Gengismunur hækkaði um 960 m.kr og aðrar fjármagnstekjur hækkuðu um 56 m.kr. samanborið við árið 2023.

Gangvirðisbreytingar voru neikvæðar um 413 m.kr. á tímabilinu en jákvæðar um 811 m.kr. á árinu 2023.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Mism.	%
Vaxtatekjur	1.056	573	483	84,2%
Vaxtagjöld og verðbætur	-13.445	-14.168	723	-5,1%
Gangvirðisbreytingar	-413	811	-1.224	-150,9%
Gengismunur	813	-147	960	-654,7%
Annað	-249	-194	-56	28,7%
Samtals	-12.237	-13.124	886	-6,8%

Efnahagur

Heildareignir félagsins voru 510 ma.kr. í árslok og hafa hækkað um 28,6 ma.kr. á árinu. Fjárfest var fyrir 30,9 ma.kr. í rekstrarfjármunum en á móti námu afskriftir 16,8 ma.kr. Þýðingarmunur vegna eigna félaga í samstæðunni með starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt nam 1,1 ma.kr. sökum veikingar íslensku krónunnar. Leigueignir námu 2,4 ma.kr. í lok árs 2024, á móti er færð leiguskuld, samtals 2,3 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 39,1 ma.kr. og hækkuðu um 3,9 ma.kr. frá áramótum. Veltufjármunir að frádregnu handbæru fé lækkuðu um 5,2 ma.kr. Eignarhlutur í Landsneti færður úr veltufjármunum yfir í fastafjármuni. Matsverð eignarhlutar er 6,2 ma.kr.

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	470.877	446.133	24.744	5,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	11.043	16.198	-5.155	-31,8%
Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br.	28.032	19.012	9.020	47,4%
Eignir samtals	509.953	481.343	28.609	5,9%
Eigið fé	265.732	258.984	6.748	2,6%
Langtímaskuldir	212.683	193.083	19.600	10,2%
Næsta árs afborganir skt. skulda	19.959	16.929	3.030	17,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	11.578	12.348	-770	-6,2%
Skuldir samtals	244.221	222.359	21.861	9,8%
Skuldir og eigið fé samtals	509.953	481.343	28.609	5,9%

Heildarskuldir félagsins voru 244,2 ma.kr. í árslok og hækkuðu um 21,9 ma.kr., þar af hækkuðu langtímaskuldir um 19,5 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 17,3 ma.kr., lántökur 34,5 ma.kr. og áfallnar verðbætur á árinu námu 5,5 ma.kr. Nettóskuldir voru 177,3 ma.kr. í árslok, þegar handbært fé, bundin innlán, og markaðsverbréf eru dregin frá vaxtaberandi skuldum.

	2024
Vaxtaberandi skuldir 1. jan	182.178
Hreyfingar með greiðsluáhrif	
Ný lántaka	34.509
Afborganir	-17.324
Hreyfingar án greiðsluáhrifa	
Verðbætur og gengismunur	5.194
Vaxtaberandi skuldir 31.12.24	204.557

Langtímaskuldir (í m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Mism.	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	148.180	122.829	25.351	20,6%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	56.377	59.349	-2.972	-5,0%
	204.557	182.178	22.379	12,3%


Sjóðstreymisýfirlit

Sjóðstreymisýfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé yfir árið 2024.

Veltufé frá rekstri á tímabilinu nam 29.113 m.kr. samanborið við 27.465 m.kr. á síðasta ári. Veltufé án vaxta og skatta eykst um 3.313 m.kr. á milli ára.

Myndin hér fyrir neðan sýnir breytingu á handbæru fé þar sem gráar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og brúnar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Dökka súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2024 og sú sem er lengst til hægri í lok árs 2024.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf í árslok voru 11,6 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í árslok í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar

Fjárfesting **Veitna** nam 16,7 ma.kr. á tímabilinu.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla, endurnýjun lagnakerfis í kringum mislæg gatnamót við Arnarnesveg og Breiðholtsbraut, endurnýjun djúpdæla í Reykjahlíð í Mosfellsbæ og endurnýjun hitaveitu á Tungumelum.
- Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í endurnýjun lagna á Miklubraut, færsla lagna við Orkureit, endurnýjum lagna við Sólvallagötu og tilraunaborunum í Bláfjöllum.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar í uppbyggingu Flóahverfi sem er iðnaðarsvæði á Akranesi, endurnýjun á lögnum í kringum Hlemm sem er partur af Borgarlínuverkefninu, Skólþdælustöð við Naustavog og fóðrun fráveitulagna á ýmsum svæðum.
- Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar í áframhaldandi innleiðingu snjallmæla, endurnýjun háspennustrengja, endurnýjun og breytingar á rafbúnaði í dreifistöðvum ásamt uppsetningu á nýjum dreifistöðvum. Einnig voru spennar í aðveitustöð 8 endurnýjaðir og nýjar lagnir lagðar fyrir uppsetning nýs hverfis í Hnoðraholti.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 7,4 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru lagning Hverahlíðarlagnar 2 til orkuöflunar fyrir Hellisheiðarvirkjun, mikil uppbygging Hleðslubjónustu um land allt og bygging lofthreinsistöðvarinnar Steingerðar á Hellisheiði sem draga mun verulega úr útblæstri frá virkjuninni.

- Einnig fer fram stjórnkerfisuppfærsla á Nesjavöllum, viðgerð á vél 2 og 4 og bygging varmastöðvar á Hellisheiði.
- Vinna við vinnsluholur NJ-33 og NJ-34 á Nesjavöllum heldur áfram sem og undirbúningur fyrir borun 8 nýrra vinnsluhola, 3 holur á Nesjavöllum, 1 á Hellisheiði og 4 í Hverahlíð.

Önnur fjárfesting nam 6,8 ma.kr.

- Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis, kaupum á stofnneti Sýnar, uppbygging Carbfix og endurbygging á höfuðstöðvum Orkuveitunnar við Bæjarhálts.

Lánshæfismat og fjármögnun

Orkuveitan er með lánshæfismat í fjárfestingarflokki hjá tveimur matsfyrirtækjum Moody's og Fitch Ratings.

Moody's		Fitch
Langtímaeinkunn	Baa3	BBB-
Horfur	Stöðugar	Stöðugar
Útgáfudagur	September 2021	Apríl 2023

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitunnar árin 2020-2024:

Orkuveita Reykjavíkur	2020	2021	2022	2023	2024	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárhlutfall	47,7%	51,6%	54,7%	53,8%	52,1%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	6,2%	6,0%	3,6%	2,5%	3,6%	
Veltufjárhlutfall	1,3	1,3	1,2	1,2	1,2	≥ 1
Vaxtaþekja	5,7	6,8	6,2	4,9	4,7	≥ 3,5
ROCE	4,3%	5,1%	4,5%	4,2%	4,4%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	6,1	5,5	6,5	5,9	6,0	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	16,3%	18,2%	15,5%	16,9%	16,8%	≥ 13%
RCF/nettó skuldir	14,2%	15,3%	14,5%	13,5%	13,4%	≥ 13%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til styrkari stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Heildarfjármögnun Orkuveitu samstæðu á árinu nemur 34.509 m.kr. Skuldabréfaútgáfa Orkuveitunnar á innlendum markaði var alls 24.300 m.kr. Útgáfa í verðtryggðum flokki OR020934 GB nam 5.564 m.kr., verðtryggðum flokki OR180255 GB nam 7.670 m.kr., verðtryggðum flokki OR280845 GB nam 4.643 m.kr. og óverðtryggðum flokki OR031033 GB nam 6.423 m.kr. Orkuveitan tók grænt lán frá Nordic Investment Bank (NIB) að fjárhæð 50 m.USD, eða 6.903 m.kr. Fjármögnun Ljósleiðarans nam 3.306 m.kr.

Meðalverð á álverði á árinu var 2.469 USD/tonn samanborið við 2.288 USD/tonn á árinu 2023. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Gjaldfærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga nam 1.247 m.kr. á árinu 2024. Innlaun áhættuvarna meðal rekstrartekna var jákvæð og nam 152 m.kr. Önnleystar gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga var neikvæð og nam alls 47 m.kr. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring


Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag Orkuveitunnar. Orkuveitan hafur fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 31. desember 2024.

Varnarhlutfall vaxta



Áhættuvarnarsamningar eru gerðir til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækun álverðs og draga úr tekjusveiflum á milli ára. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 31. desember 2024.

Álvarnarhlutföll



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendra mynt.

	2024	2023	Mism.	%
Tekjur í erlendra mynt	10,234	9,996	238	2,4%
Kostnaður í erlendra mynt	2,675	1,982	693	35,0%
Afborgarnir í erlendra mynt	9,580	10,195	-615	-6,0%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar samanborið við árið 2023 um 3.361 m.kr. eða um 9,4%. Rekstrartekjur hækkuðu um 5,6 ma.kr. eða 9,2% en rekstrargjöld hækkuðu um 2,3 ma.kr. eða 8,8%. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af heitu vatni og rafmagni ásamt því að tekjur vegna innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hafa áhrif til hækkunar m.v. fyrra ár.
- Rekstrarniðurstaðan var jákvæð um 9,3 ma.kr. sem er hækkun um 2,9 ma.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna hækkunar á tekjum.
- Eignir OR jukust um 28,6 ma.kr. frá ársbyrjun eða um 5,9%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 182 ma.kr í 205 ma.kr. eða um 12%. Eiginfjárhlutfall OR lækkaði á tímabilinu í 52,1% úr 53,8% í ársbyrjun.
- Handbært fé nam 16,4 ma.kr. og hækkar um 6,1 ma.kr miðað við fyrra ár. Sterk staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 41,4 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 38,7 ma.kr. og hefur lækkað um 10,7 ma.kr. frá ársbyrjun 2024.
- Kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða. Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á árinu 2024 voru tekjur í erlendri mynt 10,2 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt nam 12,3 ma.kr. Það er sambærilegt miðað við árið 2023.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) er 58,5% en var 58,4% á síðasta ári. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.


Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2024_12	Áætlun 2024_12	Frávik	%	Raun 2023_12	Breyting	%
Rekstrartekjur	5.291	5.119	172	3%	4.787	504	11%
Rekstrargjöld	-5.112	-5.103	-9	0%	-4.626	-486	11%
EBITDA	332	176	156	89%	295	37	12%
EBIT	179	16	163	1041%	161	18	11%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	57	-14	71	n/a	47	10	n/a
Rekstrarniðurstaða	236	2	234	13786%	208	28	13%

Rekstrarniðurstaða: Rekstrarafgangur ársins nam 236 m.kr. en var um 208 m.kr. 2023. Megin skýringu má rekja til hærri tekna en áætlun gerði ráð fyrir.

Afskriftir og hreinn fjármagnskostnaður var lægri en gert var ráð fyrir, meðal annars vegna þess að hluti af fyrirhuguðum fjárfestingum ársins hefur frestast.

Rekstrartekjur: Heildartekjur ársins voru um 504 m.kr. (11%) hærri en 2023 og um 172 m.kr. hærri en áætlun 2024.

Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir voru um 143 m.kr. hærri en áætlað var sem kemur að stærstum hluta til vegna tekna af verkefnum í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi.



Tekjur (m.kr.)	Raun 2024_12	Áætlun 2024_12	Frávik	%	Raun 2023_12	Breyting	%
Framlag eigenda til rekstrar	2.519	2.519	0	0%	2.353	165	7%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	110	110	0	0%	117	-7	-6%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	24	24	0	0%	22	1	6%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	2.227	2.197	30	1%	1.996	231	12%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	273	130	143	110%	167	106	63%
Húsaleigutekjur	138	140	-1	-1%	131	7	6%
	5.291	5.119	172	3%	4.787	504	11%

Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2024_12	Áætlun 2024_12	Frávik	%	Raun 2023_12	Breyting	%
Launakostnaður	4.192	4.266	-75	-2%	3.863	329	9%
Annar rekstrarkostnaður	767	677	90	13%	629	139	22%
Afskriftir	153	160	-7	-4%	134	19	14%
	5.112	5.103	9	0%	4.626	486	11%

Heildarrekstrarkostnaður ársins var í takt við áætlun.

Launakostnaður ársins var um 329 m.kr. (9%) hærri en 2023 en um 75 m.kr. (2%) lægri en áætlað var. Kjarasamningur Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur verið laus frá 1. apríl 2024. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um kjarasamning, sem undirritaður var 5. febrúar sl., var að hann var felldur með 52,65% atkvæða. Í ársuppgjörinu eru gjaldfærð áætluð áhrif afturvirkra ákvæða kjarasamninga, frá 1. apríl til ársloka 2024.

Annar rekstrarkostnaður var 139 m.kr. (22%) hærri en 2023 og um 90 m.kr. (13%) hærri en áætlað var. Megin skýring á frávikinu frá áætlun má rekja til 52 m.kr. gjaldfærslu á framkvæmdakostnaði vegna myglu- og rakaskemmda í húsnæði SHS í Skógarhlíð.


Afskriftir voru heldur lægri en gert var ráð fyrir þar sem hluti fyrirhugaðra fjárfestinga var frestað til 2025.

Efnahagur:

Efnahagur (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fastafjármunir	2.770	2.331	439	18,8%
Veltufjármunir án handb.fjár	186	212	-25	-12,0%
Handbært fé	1.043	1.050	-7	-0,6%
Eignir samtals	4.000	3.593	407	11,3%
Eigið fé	2.946	2.710	236	8,7%
Langtímaskuldir	192	202	-10	-5,0%
Næsta árs afborganir langt. skulda	18	16	2	11,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	844	665	179	27,0%
Skuldir samtals	1.054	883	171	19,4%
Skuldir og eigið fé samtals	4.000	3.593	407	11,3%

Eiginfjárhlutfall SHS í lok árs var um 74%, en var í lok árs 2023 um 75%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.


Starfshópur um framtíðaruppbyggingu SHS, sem skipaður var af stjórn SHS, skilaði tillögum sínum í lok árs 2023. Tillögurnar voru samþykktar af stjórn SHS. Tillögurnar ganga út á uppbyggingu í þrem áföngum sem ætlað er að bæta viðbragstíma varðliðsins á höfuðborgarsvæðinu. Tímalína framkvæmdanna var áætluð frá 2024 til 2031.



Fyrsti áfanginn er bygging nýrrar stöðvar við Tónahvarf í Kópavogi, sem yrði viðbót við þær sem fyrir eru, og var gert ráð fyrir að hún yrði tekin í notkun í 2027, en ljóst er að því seinkar og nú er gert ráð fyrir að það verði 2029. Annar áfangi felur m.a. í sér að starfsemin í Skógarhlíð myndi flytjast í nýja björgunarmiðstöð og samhliða því myndi verða fundin ný staðsetning fyrir útkallsstöðina í Skógarhlíð á BSÍ reitnum eða þar í nágrenni. Jafnframt er gert ráð fyrir að byggð verði ný útkallsstöð í björgunarmiðstöðinni eða þar í nágrenni sem myndi þá leysa stöðina á Tunguhálsi af hólmi. Þriðji og síðasti áfangi gerir ráð fyrir að nýrri stöð verði bætt við í Hafnarfirði til að bæta viðbragðstíma á Völlunum og nágrenni.

Framkvæmdir miðað við tillögur hópsins hefur seinkað, þar sem byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar hefur verið frestað um óákveðinn tíma og afhending lóðar við Tónahvarf í Kópavogi hefur seinkað. Engu að síður er stefnt að því að framtíðaruppbygging SHS verði í takt við tillögur starfshópsins.


Sjóðstreymi:



Handbært fé í lok tímabilsins var 1.043 m.kr.

Fjárfestingar tímabilsins voru samtals um 607 m.kr. þ.e. kaup á tveimur körfubílum fyrir 262 m.kr., kaup á öðrum bifreiðum og búnaði fyrir slökkvistarf samtals 164 m.kr. og viðhald og viðgerðir á húsnæði SHS fyrir um 181 m.kr. m.a. vegna myglu- og rakaskemmda í Skógarhlíð. Á árinu voru eldri bifreiðar seldar fyrir um 9 m.kr.

Fjárhagsáætlun 2025 gerir ráð fyrir að fjárfest verði fyrir um 450 m.kr. þar af eru um 150 m.kr. frá 2024. Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram með viðhald húsnæðis SHS og endurnýjun á búnaði fyrir slökkvistarfi. Jafnframt er gert ráð fyrir að hefja undirbúning á framtíðaruppbyggingu SHS í samræmi við samþykktar tillögur starfshópsins sem skipaður var af stjórn SHS.





Fjöldi útkalla:

Á árinu fækkaði útköllum slökkviliðsins eftir mikla fjölgun undanfarin ár og var fjöldi útkalla 1.406 en var 1.578 á árinu 2023. Útöllum fækkaði um 172 á milli ára eða um tæp 11%.

Heildarboðanir sjúkrabíla voru 39.776 á árinu 2024, sem var um 1,3% minna en árið á undan, en þá var heildarfjöldi boðana 40.305. Heildarfjöldi útkalla sjúkrabíla sem verða að flutningi sjúklings voru 31.957 eða rétt rúmlega 80%, sem er sambærilegt og árið á undan.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar árin 2020- 2024:


SHS - samstæða	2020	2021	2022	2023	2024
Eiginfjárhlutfall	74,6%	76,5%	76,6%	75,4%	73,7%
Arðsemi eigin fjár	-9,4%	18,3%	4,0%	8,3%	8,7%
Veltufjárhlutfall	0,76	1,65	1,88	1,85	1,43
Langtímaskuldir/eigið fé	10,0%	8,3%	8,1%	7,4%	6,5%
Uppgreiðslutími	n/a	0,4	0,9	0,6	0,5
Heildarskuldir/rekstrartekjum	21,4%	18,0%	17,7%	18,4%	19,9%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-2,4%	12,3%	5,5%	7,5%	7,5%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	-2,3%	12,4%	5,1%	6,2%	6,3%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan var 28 m.kr. hærri en árið 2023. Helsta skýring voru hærri tekjur af sérverkefnum vegna vinnu í tengslum við jarðhræringar á Reykjanesi.
- Rekstrargjöld voru 486 m.kr. hærri en árið 2023 en rekstrargjöld voru á pari við áætlun. Hluti annars rekstrarkostnaðar er gjaldfærður kostnaður vegna framkvæmda í Skógarhlíðinni sem tengjast myglu og rakaskemmdum, samtals um 52 m.kr.
- Kjarasamningur við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningarmanna hefur verið laus frá 1. apríl 2024. Í ársuppgjörinu eru gjaldfærð áætluð áhrif afturvirkra ákvæða kjarasamninga, frá 1. apríl til ársloka 2024.
- Framkvæmdir miðað við tillögur um framtíðaruppbyggingu SHS hefur seinkað nokkuð, þar sem byggingu nýrrar björgunarmiðstöðvar hefur verið frestað um óákveðinn tíma og afhending lóðar við Tónahvarf í Kópavogi hefur seinkað. Engu að síður er stefnt að því að framtíðaruppbygging SHS verði í takt við tillögur starfshópsins.
- Vegna uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,577% árið 2024 en 56,552% árið 2023:

Hlutur Reykjavíkur í rekstri SHS bs (m.kr.)	Raun 2024_12	Raun 2023_12	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.993	2.707	286	11%
Rekstrargjöld	-2.892	-2.616	-276	11%
EBITDA	188	167	21	12%
EBIT	101	91	10	11%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	32	27	5	20%
Rekstrarniðurstaða	134	118	16	13%

SORPA bs. (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Breyting	%	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	7.778	6.935	843	12,2%	6.668	1.110	16,6%
Rekstrargjöld	-7.286	-6.102	-1.184	19,4%	-6.349	-937	14,8%
EBITDA	1.149	1.300	-151	-11,6%	773	376	48,7%
EBIT	491	833	-341	-41,0%	319	172	53,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-229	-291	62	-21,4%	-228	0	0,2%
Rekstrarniðurstaða	263	542	-279	-51,5%	91	172	189,1%



Rekstrarniðurstaða: Hagnaður ársins er 263 m.kr. sem er 172 m.kr. hækkun frá árinu áður, en áætlanir gerðu ráð fyrir um 542 m.kr. í hagnað. Skýringin á frávikum frá áætlun og afkomu liggur fyrst og fremst í að forvinnslulínan í MTFS var afskrifuð um 50% á árinu eða 225 m.kr. og hafði ekki verið áætlað fyrir því og er gert ráð fyrir að hún verði full afskrifuð á árinu 2025. Afskriftir urðu því um 204 m.kr. hærri en áætlað var. Vaxtagjöld voru 15 milljónum lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. EBITDA ársins var um 151 m.kr. frá því sem áætlanir gerðu ráð fyrir og er skýringin á því að afsetning á brennanlegu sorpi var dýrari en gert var ráð fyrir og magn var meira.

Í áætlun fyrir árið 2023 var gert ráð fyrir að nýtt flokkunarkerfi og sérsöfnun, sem innleitt var á árinu 2023, myndi hafa áhrif á magn í hverjum úrgangsflokki. Í stórum dráttum raungerðist það á síðari hluta ársins en sjá mátti tilfærslu á magni úrgangs úr blandaða flokknum yfir í flokkana sem farið var að sérsafna. Þessi tilfærsla hafði mikil áhrif á reksturinn til hækkunar á tekjum og gjöldum en þessar breytingar komu að fullu fram á árinu 2024 sem var fyrsta heila rekstrarárið með þessum breytingum. Tekjur samlagsins voru 1,1 milljarði hærri en árið á undan eða 16,6%. Gjöld hækkuðu um 14,8% milli ára og skýrist það af áður nefndri tilfærslu á milli flokka.

Breytt úrgangsmeðhöndlun hafði töluverð áhrif á kostnað samlagsins en sérstök áhersla er að koma eins miklum úrgangi ofar í úrgangsprihyrninginn og skapa þannig verðmæti sem nýtast áfram í stað þess að farga efninu.

Áform samlagsins um útflutning á brennanlegum úrgangi á árinu 2023 gengu eftir og hófst útflutningur á brennanlegum úrgangi síðari hluta ársins 2023 og var eins og áður segir árið 2024 fyrsta heila rekstrarárið sem brennanlegur úrgangur fór í útflutning. Útflutningur á brennanlegum úrgangi er hluti af stefnumarkandi áformum SORPU bs. um að draga verulega úr urðun úrgangs og koma úrgangi ofar í úrgangsprihyrninginn.

Sérsafnaður lífrænn úrgangur fór að berast í auknum mæli til GAJA en vonir standa til að sérsöfnun á lífrænum úrgangi muni gera samlaginu kleift að framleiða gæða mottu. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðspróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Til að stuðla með markvissari hætti að sölu metan (unnið úr lífgasi frá Gaja og hauggasi frá urðunarstaðnum) var ákveðið að færa gashreinsistöðina úr SORPU bs. yfir í Metan ehf. Markmiðið með þeirri aðgerð er að aðskilja með skýrari hætti grunnstarfsemi SORPU frá heildsölu á metan. Stefnt er að því að gera þann rekstur sjálfbæran og svo selja Metan ehf. Voru allar eignir SORPU er tengjast gashreinsistöðinni (242 m.kr.) færðar yfir í Metan ehf með hækkun hlutfjár.

Magntölur	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting 2023-2024
Endurvinnslustöðvar gjaldtekið inn (m3)	33.534	38.118	30.807	34.171	33.988	-0,5%
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	60.756	53.556	46.785	47.973	48.542	1,2%
Móttökustöð (tonn)	93.569	91.145	88.958	79.417	75.485	-5,0%
Álfsnes (tonn)	177.161	156.208	150.593	132.964	58.420	-56,1%
GAJA (tonn)	2.209	21.510	26.896	29.751	21.624	-27,3%
Heimsóknir	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting 2023-2024
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	983.510	902.067	858.829	957.404	982.831	2,7%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	47.173	49.796	49.730	46.519	46.849	0,7%
Álfsnes (fjöldi sölup)	14.380	14.046	14.123	17.123	11.106	-35,1%
GAJA (fjöldi sölup)	109	1.072	2.940	3.797	4.038	6,3%
Endurvinnslustöðvar	2020	2021	2022	2023	2024	Breyting 2023-2024
Tekjur í hliði (þkr)	182.893	218.773	236.801	292.908	322.024	23,7%
Endurnýtingarhlutfall	65,8%	66,8%	69,0%	68,7%	80,4%	-0,4%

Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum eykst á milli ára eða um 2,7%. Magn frá endurvinnslustöðvunum minnar um 0,5% á milli ára en tekjur í hliði hækka um 23,7% á milli ára.

Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar þar sem magn inn á stöðvarnar hefur aukist mikið frá 2010 ásamt því að flokkum fjölga stöðugt, plássleysi er því farið að hamlar áframhaldandi þróun stöðvanna. Kópavogsbær óskaði eftir að endurvinnslustöðin á Dalvegi yrði lokað í september 2024 en þeirri lokun var frestað til september 2025. Búið er að úthluta SORPU nýrri lóð í stað Dalvegjar og mun ný endurvinnslustöð rísa á Glaðheima svæðinu í Kópavogi. Byrjað er að undirbúa hönnun nýrrar stöðvar en Kópavogsbær þarf að fara í breytingar á bæði aðalskipulagi og deiliskipulagi og er því ekki ljóst hvenær ný stöð mun rísa. Búið er að auglýsa útboð á byggingu nýrrar stöðvar á Lambhagavegi í stað Sævarhöfða og er gert ráð fyrir að ný stöð opni í apríl 2026.


Rekstrartekjur

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Mism.	%	Raun 2023	Mism.	%
Gufunes	4.656	4.355	302	6,9%	4.115	542	13,2%
Álfsnes	2.308	2.528	-219	-8,7%	2.769	-460	-16,6%
EVST og Grenndarg.	2.428	2.299	129	5,6%	2.044	385	18,8%
Góði Hirðirinn	662	661	1	0,1%	528	134	25,4%
Innri viðskipti	-2.277	-2.907	630	-21,7%	-2.786	509	-18,3%
	7.778	6.935	843	12,2%	6.668	1.110	16,6%

Tekjur samlagsins jukust á milli ára um 16,6% og mátti marka aukningu á öllum starfsstöðvum, nema Álfsnesi sbr. töflu hér að ofan. Kemur það til vegna áður nefndra breytinga á úrgangsmeðhöndlun og hefur urðun milli 2023-2024 minnkað um 90% sem er umfram áætlanir og í samræmi við markmið SORPU um úrgangsprihyrninginn. Áframhaldandi vöxtur var á tekjum móttöku- og flokkunarstöðvar í Gufunesi en stöðin varð á síðari hluta ársins 2023 kjarninn í starfsemi SORPU. Starfsemin í stöðinni er í æ ríkari mæli farin að snúast um móttöku á sérsöfnuðu efni, tryggja aðskilnað á milli efnisflokka og þróa hagkvæmar og sjálfbærar úrgangsmeðhöndlunarleiðir í góðu samstarfi við aðila á markaði. Góði hirðirinn var sú deild sem jók tekjur sínar mest árið 2024. Tvennt skýrir það helst, annars vegar að Góði Hirðirinn var lokaður í 40 daga árið 2023 er hann var að flytja í nýtt húsnæði og hins vegar að nýja húsnæðið er með stærra sölusvæði og bætt aðgengi sem jók viðskiptin.

í m.kr.

Skipting rekstrartekna eftir starfsþáttum



Rekstrargjöld hækkuðu um 937 m.kr. milli ára eða 14,8% (án innri viðskipta). Laun hækkuðu um 268 m.kr. á milli ára eða 12,1%. Skýrist það af launahækkunum og fjölgun stöðugilda. Fjöldi ársverka jókst úr 150 í 162 eða 8%.

Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs var 2,9 milljarðar sem er hækkun um 500 milljónir eða 20%. Þessi hækkun skýrist af því að afsetning úrgangs var dýrari en gert hafði verið ráð fyrir.


Rekstur húsnæðis og lóðar lækkaði um 7% milli ára eða um 38 m.kr. Frágangur á urðunarstað er hafinn en byrjað er að gróðursetja og byggja upp manir.

Rekstur endurvinnslustöðva var yfir áætlunum á tímabilinu og reyndust gjöld umfram tekjur 29 m.kr. Tekjur stöðvanna voru um 98 m.kr. yfir áætlun eða 4,26%. Rekstrargjöld voru um 551 m.kr. yfir áætlun eða 5,7%, en magn var meira en áætlun gerði ráð fyrir sem og féll kostnaður til vegna hönnunar og undirbúnings á nýrri endurvinnslustöð að Lambhaga ásamt kostnaði vegna skipulagsbreytinga. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og á móti ef að gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rukkuð um það sem upp á vantar.

Gjöld (í m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Mism.	%	Raun 2023	Mism.	%
Gufunes	4.316	3.782	533	14,1%	3.932	384	9,8%
Álfsnes	2.154	1.809	345	19,1%	2.860	-706	-24,7%
EVST og Grenndarg.	2.432	2.299	133	5,8%	2.044	388	19,0%
Góði Hirðirinn	662	653	9	1,3%	528	134	25,4%
Innri viðskipti	-2.277	-2.907	630	-21,7%	-3.015	738	-24,5%
	7.286	5.636	1.650	29,3%	6.349	937	14,8%

í m.kr.

Skipting rekstrargjalda eftir starfspáttum




Efnahagur


Efnahagur (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2022	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	8.245	8.393	-148	-2%
Veltufjármunir án handb.fjár	753	982	-230	-23%
Handbært fé	509	298	211	71%
Eignir samtals	9.506	9.673	-167	-2%
Eigið fé	6.037	5.775	263	5%
Skuldbindingar	487	483	4	1%
Langtímaskuldir	1.925	2.033	-108	-5%
Næsta árs afborganir langt. skulda	215	230	-15	-6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	842	1.152	-310	-27%
Skuldir samtals	3.469	3.899	-429	-11%
Skuldir og eigið fé samtals	9.506	9.673	-167	-2%

Sjóðstreymi


Sjóðstreymi 2024 (m.kr.)



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Fjárfestingar á tímabilinu eru að fjárhæð 512 m.kr. sem er mikil lækkun miðað við áætlun sem gerði ráð fyrir 999 m.kr. í fjárfestingar en munar þar um að ekki var sprengt fyrir nýrri urðunarrein sem áætluð fjárfesting var 494 m.kr. á árinu 2024.

Eignabreytingar 2024

Fjárfestingar á tímabilinu voru 512 m.kr. Helstu fjárfestingar voru í tækjabúnaði fyrir urðunarstaðinn þar sem ákveðið var að innvista vinnslu við urðunarstaðinn til að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri ásamt eðlilegri endurnýjunarþörf á eldri tækjabúnaði.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins árin 2020- 2024:

SORPA bs.	2020	2021	2022	2023	2024
Eiginfjárhlutfall	48,6%	55,6%	59,2%	59,7%	63,5%
Arðsemi eigin fjár	-3,8%	7,9%	13,8%	1,6%	4,5%
Veltufjárhlutfall	0,43	0,79	1,15	0,93	1,19
Langtímaskuldir/eigið fé	57,6%	44,8%	37,6%	35,2%	31,9%
Uppgreiðslutími	11,8	3,3	2,0	3,6	2,1
Heildarskuldir/rekstrartekjum	115%	87%	68%	58%	44,6%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	5,8%	16,1%	21,0%	9,6%	13,1%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	8,0%	17,2%	22,7%	11,6%	14,8%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt samlagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SOPRU miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,577% 2024 en fyrir árið 56,552% 2023

Hlutur Reykjavíkur í rekstri SOPRU bs. (m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.401	3.771	629	16,6%
Rekstrargjöld	-4.122	-3.591	-532	14,8%
EBITDA	650	437	213	48,7%
EBIT	278	181	97	53,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-130	-129	0	0,2%
Rekstrarniðurstaða	149	51	97	189,1%

- Hagnaður samlagsins á árinu var um 263 m.kr. sem er 279 m.kr. lakari afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Frávikið skýrist að mestu leyti á afskriftum á forvinnslulínunni sem var aflögð þegar sérsöfnun lífræns úrgangs hófst.
- Kennitölur samlagsins eru að styrkjast. Veltufjárhlutfall er nú 1,19 miðað við 0,93 árið á undan. Arðsemi eiginfjár í lok ársins er 4,5% miðað við 1,6% árið á undan. Uppgreiðslutími langtímalána er 2,1 ár í lok tímabilsins miðað við 3,6 ár árið á undan.


Ábendingar Fjármálasviðs:

- Rekstur samlagsins hefur verið að styrkjast á síðustu árum sem er jákvæð þróun.
- Rekstur og efnahagur samlagsins er traustur og er samlagið að mati stjórnenda vel í stakk búið til að vera leiðandi í meðhöndlun og afsetningu úrgangs á Íslandi án þess að leita til eigenda eftir auknu fjármagni.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2025-2028. Fjárfestingar í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögunum með beinum fjárframlögum. Reikna stjórnendur SOPRU með að þessar breytingar verði fjármagnaðar með lántöku og því ljóst að eiginfjárhlutfall SOPRU mun lækka á komandi árum. Má búast við að eiginfjárhlutfallið muni fara niður fyrir 50% á næstu árum.
- Gert er ráð fyrir að endurvinnslustöðin að Dalvegi verði lokað í september 2025. Mikilvægt er að hugað sé að ásættanlegri lausn áður en til lokunar á stöðinni kemur.
- Árið 2024 var fyrsta heila rekstrarárið í útflutningi á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu og minnkaði magn urðunar um 90% á milli ára. Mikilvægt er að huga að undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennanlegan úrgang.
- Vinnuhópur er í gangi við að greina rekstur SOPRU og koma með tillögur í samræmi við sátt við ESA um breytingar á rekstrarformi samlagsins. Þarf nýtt rekstrarform SOPRU að koma til framkvæmda eigi síðar en 1.1.2027.

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Breyting	%	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	11.863	11.749	114	1%	11.089	774	7%
Rekstrargjöld	-11.301	-11.259	-41	0%	-11.039	-262	2%
EBITDA	562	490	73	15%	50	513	1029%
EBIT	317	205	112	54%	-227	544	-240%
Fjármagnsliðir	-113	-195	82	-42%	-147	33	-23%
Rekstrarniðurstaða	204	10	193	1881%	-374	578	-154%

Rekstrarniðurstaða batnaði verulega árið 2024, þar sem félagið skilaði 204 m.kr. hagnaði samanborið við 374 m.kr. tap árið áður. Helstu ástæður fyrir þessum viðsnúningi eru auknar rekstrartekjur, sem hækkuðu um 774 m.kr., einkum vegna hærri framlaga frá eignaraðilum (+389 m.kr.) og hækkunar á fargjöldum (+138 m.kr.).

EBITDA í hlutfalli af rekstrartekjum hefur einnig þróast í jákvæða átt, úr neikvæðu gildi árið 2022 í 0% árið 2023 og loks í 5% árið 2024. Þessi þróun má að mestu rekja til aukaframlags frá eignaraðilum, sem styrkti fjárhagsstöðu félagsins, ásamt hækkun gjaldskrár til að mæta auknum rekstrarkostnaði. Þessir þættir hafa saman skilað sér í aukinni tekjuöflun og betri rekstrarafkomu, sem styður við áframhaldandi stöðugleika og rekstrargrundvöll Strætó til framtíðar.



Rekstrartekjur ársins 2024 voru 11.863 m.kr. sem er aukning um 774 m.kr. eða 7% miðað við rekstrartekjur ársins 2023, sem voru 11.089 m.kr. Tekjurnar voru einnig 114 m.kr. hærri en áætlað var fyrir árið 2024, eða um 1%.

Rekstrartekjur (í m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Mism.	%	Raun 2023	Mism.	%
Fargjöld	2.185	2.355	-170	-7%	2.047	138	7%
Rekstrarframlög eigenda	6.469	6.264	205	3%	6.080	389	6%
Ríkisframlag	906	906	0	0%	906	0	0%
Pant akstursþjónusta	1.822	1.802	20	1%	1.630	192	12%
Aðrar tekjur	481	423	59	14%	426	56	13%
	11.863	11.749	114	1%	11.089	774	7%

Fargjöld námu 2.185 m.kr. árið 2024, sem er 7% hækkun frá fyrra ári (2.047 m.kr.). Hins vegar voru þau 170 m.kr. undir áætlun, eða um -7%. Hækkun fargjalda skýrist meðal annars af gjaldskrárbreytingu sem tók gildi um mitt ár 2024, þar sem meðaltalshækkun nam 3,5%. Þrátt fyrir þessa hækkun voru fargjaldatekjur 170 milljónum krónum undir áætlun, sem bendir til þess að eftirspurn eftir þjónustunni hafi brugðist við verðhækkuninni með neikvæðum hætti. Þetta gæti verið merki um að verðteygni eftirspurnar hafi verið hærri en gert var ráð fyrir, þ.e. að neytendur hafi dregið úr notkun þjónustunnar í meira mæli en spáð var vegna hækkunar fargjalda. Í slíkum tilfellum getur verðhækkun leitt til minni tekjuaukningar eða jafnvel tekjuskerðingar, þar sem neytendur bregðast við með því að leita annarra samgöngumáta, draga úr ferðalögum eða nýta afsláttarkjör í auknum mæli. Þessi þróun bendir til þess að ákveðnu verðlagningarpaki hafi verið náð, þar sem frekari hækkun skilar ekki tilætluðum tekjuauka vegna breytinga í kauphegðun neytenda.

Rekstrarframlag eigenda nam 6.469 m.kr. árið 2024, sem var 205 m.kr. umfram áætlun eða 3% og 389 m.kr. hærra en árið 2023 eða 6% hækkun.

Framlögin eru innheimt samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun, þar sem framlag fyrra árs er uppreiknað í samræmi við Strætóvísitölu og nýjustu spá Hagstofu Íslands. Eigendur greiða einnig mismun á niðurgreiddum farmiðum fyrir öryrkja og aldraða samanborið við almenna farmiða. Sveitarfélögin veita sérstakt nemaframlag til að niðurgreiða kostnað nemenda við almenningssamgöngur. Framlagið nemur mismuninum á 400 m.kr., sem er hámarksupphæð sveitarfélaganna á ári, og tekjum af seldum nemakortum. Á árinu 2024 greiddu nemendur samtals 137

Rekstrarframlag eigenda (í m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Mism.	%
Rekstarframlag eigenda	6.050	5.652	397	7%
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja	156	135	21	16%
Niðurgreiðsla nemakorta	263	293	-29	-10%
	6.469	6.080	389	6%

m.kr. fyrir nemakort, sem þýðir að sveitarfélögin lögðu fram 263 m.kr. í nemaframlag. Þetta er lækkun frá árinu 2023, sem bendir til þess að fleiri nemendur hafi keypt kort á árinu 2024. Umfang framlagsins ræðst af sölu nemakorta; því fleiri nemendur sem kaupa kort, því minni verður greiðsla sveitarfélaganna, og öfugt. Sveitarfélögin niðurgreiða farmiða fyrir aldraða og öryrkja til að tryggja að Strætó fái fullt fargjald fyrir hverja ferð. Aldraðir og öryrkjar greiða afsláttarfargjald, en eigendur greiða mismuninn, þannig að Strætó verði ekki fyrir tekjutapi vegna afslátta. Þetta fyrirkomulag var sett á til að tryggja Strætó stöðugt rekstrarfé, óháð fjölda farþega sem njóta afsláttarkjara. Kostnaðurinn er rúkaður sérstaklega af eigendum í samræmi við fjölda seldra afsláttarfarmiða. Niðurgreiðsla farmiða fyrir aldraða og öryrkja hækkaði um 21 m.kr. milli ára, úr 135 m.kr. í 156 m.kr., sem samsvarar 16% aukningu. Helsta skýringin á þessari hækkun er fjölgun seldra afsláttarfarmiða til aldraðra og öryrkja. Á árinu 2024 lögðu eigendur féluginu til 397 m.kr. í aukið rekstrarframlag til að mæta hækkanði rekstrarkostnaði. Þetta samsvarar 7% aukningu frá árinu 2023, þegar framlagið nam 5.652 m.kr. en hækkaði í 6.050 m.kr. árið 2024. Helstu ástæður hækkunarinnar eru aukinn rekstrarkostnaður, meðal annars vegna nýs útboðs á akstri sem tók gildi og var mun kostnaðarsamara en fyrra fyrirkomulag. Þetta aukna framlag frá eigendum tryggði rekstrarlegan stöðugleika félagsins og hjálpaði til við að mæta hækkanði útgjöldum, sem eru nauðsynlegir til að viðhalda þjónustustigi almenningssamgangna.

Ríkisframlag til Strætó bs. byggist á samningi frá 2012, sem miðar að því að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu, bæta umferðaröryggi og stuðla að umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið framlengdur til ársins 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög frá ríkissjóði. Þrátt fyrir að samningurinn geri ráð fyrir að fjárhæðir framlaga séu verðbættar árlega, hafa þær í raun haldist nánast óbreyttar frá upphafi, þrátt fyrir aukinn rekstrarkostnað og breyttar aðstæður.

Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi almenningssamgangna hefur ríkið ákveðið að koma inn með aukið fjármagn til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að framlag ríkisins aukist um 2,2 milljarða króna, sem mun færa ríkisframlagið úr tæpum 900 milljónum króna í 3,1 milljarð króna. Þessi breyting er hluti af viðtækari stefnumótun stjórnvalda í samgöngumálum og tengist m.a. fyrirhugaðri stofnun nýs félags sem á að sinna almenningssamgöngum.

Hins vegar hefur ekki enn verið skilgreint með nákvæmum hætti hvert hlutverk Strætó verður í nýju fyrirkomulagi og hvernig verkaskiptingin milli Strætó og hins nýja félags verður útfærð. Óvissa ríkir því um framtíðarhlutverk Strætó bs., þar sem verið er að endurskoða rekstrarfyrirkomulag almenningssamgangna með aukinni aðkomu ríkisins. Þessar breytingar geta haft áhrif á fjármögnun, stjórnun og þjónustu Strætó til framtíðar og mun næstu misseri skera úr um hvernig þetta nýja fyrirkomulag verður útfært.

Tekjur Pant akstursþjónustu námu 1.822 m.kr. árið 2024, sem er 20 m.kr. umfram áætlun og 192 m.kr. hækkun frá árinu 2023, eða 12% aukning. Þessi þjónusta er sérstaklega ætluð fötluðu fólki og eldri borgurum sem ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur vegna fötlunar eða annarra aðstæðna.

Akstursþjónustan byggir á samkomulagi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, að undanskildum Hafnarfirði og Kópavogi, um framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Hvert sveitarfélag samþykkir heimild hvers og eins farþega til að nota þjónustuna og ákveður gjaldskrá fyrir hana. Sveitarfélögin greiða Strætó verktakakostnað vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags. Þessi þjónusta hefur reynst mikilvæg fyrir notendur hennar og hefur aukist í umfangi, sem skýrir hækkun tekna milli ára.

Aðrar tekjur Árið 2024 námu aðrar tekjur Strætó bs. 481 m.kr., sem er 14% umfram áætlun og 13% hækkun frá fyrra ári. Þessar tekjur samanstanda meðal annars af þóknunum vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða, sem og aksturs á landsbyggðinni.

Strætó bs. sér um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og aldraða í samstarfi við Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Garðabæ. Hafnarfjörður og Kópavogur eru ekki hluti af þessu fyrirkomulagi og annast sjálf akstursþjónustu fyrir sína íbúa. Þóknun fyrir þessa þjónustu er samningsbundin og byggir á föstu hlutfalli milli aðila samkvæmt gildandi samningi. Hún hækkar reglulega í takt við vísitölubreytingar.

Strætó fær þóknun frá Vegagerðinni fyrir að annast skipulag og samræmingu almenningssamgangna á landsbyggðinni. Vegagerðin ber ábyrgð á fjármögnun þjónustunnar og er verkkaupi gagnvart verktökum sem sinna akstri. Samningar við verktaka, framkvæmd þjónustunnar og fjárhagsleg ábyrgð eru því alfarið á hendi Vegagerðarinnar, á meðan hlutverk Strætó felst í skipulagi og samræmingu innan þess ramma sem Vegagerðin setur.

Á höfuðborgarsvæðinu rekur Strætó sex leiðir sem pöntunarþjónustu, annað hvort allan daginn eða hluta dags. Þessi þjónusta er sérstaklega hönnuð fyrir svæði þar sem farþegafjöldi er minni, sem gerir hana hagkvæmari kost en hefðbundnar strætisvagnaleiðir. Með því að bjóða upp á pöntunarþjónustu er hægt að mæta þörfum íbúa á þessum svæðum án þess að keyra strætisvagna með lítilli nýtingu. Greiðsla fyrir ferðir í pöntunarþjónustu er sú sama og í hefðbundnum strætisvögnum. Sveitarfélagið þar sem aksturinn fer fram ber kostnaðinn af þjónustunni. Þjónustan jókst milli ára.

Strætó bs. hóf næturalakstur um helgar í janúar 2018, með það að markmiði að bæta þjónustu við þá sem ferðast á nóttunni. Þrátt fyrir vonir um aukna notkun eftir afléttingu samkomutakmarkana vegna kórónuveirufaraldursins, stóðu væntingar ekki undir sér. Í október 2022 var ákveðið að hætta næturalakstri Strætó vegna ónógrar nýtingar. Næturalakstur hófst á ný í febrúar

2023, en þá eingöngu í Reykjavík. Í september sama ár var þjónustan útvíkuð og Hafnarfjörður og Mosfellsbær bættust við. Þjónustan er veitt á grundvelli samninga þar sem um fasta mánaðarlega fjárhæð er að ræða, óháð umfangi akstursins.

Myndin hér til hliðar sýnir hlutfallslega skiptingu rekstrartekna Strætó bs. árið 2024. Stærsti hluti tekna kemur frá rekstrarframlögum eigenda, sem nema 55% af heildartekjum og eru greidd af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu til að tryggja rekstur almenningssamgangna. Fargjöld mynda 18% af heildartekjum og samanstanda af greiðslum frá notendum fyrir einstök fargjöld, áskriftarkort og aðrar greiðslur fyrir almenningssamgöngur.



Pöntuð akstursþjónusta, sem er sérsniðin þjónusta fyrir fatlað fólk og eldri borgara, skilar 15% af heildartekjum og er fjármögnuð með greiðslum frá sveitarfélögum samkvæmt samningum. Ríkisframlag nemur 8% af heildartekjum og byggir á langtímasamningi við stjórnvöld til að styðja við almenningssamgöngur í samræmi við stefnu um bætta samgöngubjónustu, umferðaröryggi og umhverfisvænni ferðamáta. Að lokum samanstanda aðrar tekjur af mismunandi þjónustugjöldum, þóknunum fyrir akstur á landsbyggðinni og aukaakstri innan sveitarfélaga, og nema þær 4% af heildartekjum.

Skipting rekstrartekna sýnir að meirihluti fjármögnunar Strætó kemur frá opinberum aðilum, með rekstrarframlög sveitarfélaga sem stærsta tekjustofn. Fargjöld eru einnig mikilvægur þáttur í fjármögnun, en ríkisframlagið hefur haldist stöðugt í hlutfalli við heildartekjur.

Rekstrargjöld hækkuðu um 2% milli ára 2023 og 2024, eða um 262 m.kr.. Þrátt fyrir þessa hækkun eru rekstrargjöld nánast í samræmi við áætlanir ársins 2024, með aðeins 0% frávik frá fjárhagsáætlun.

Rekstrargjöld (í m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Mism.	%	Raun 2023	Mism.	%
Laun og launatengd gjöld	3.442	3.576	-134	-4%	3.670	-229	-6%
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur	5.268	5.104	164	3%	4.879	389	8%
Pant akstursþjónusta	1.822	1.802	20	1%	1.630	192	12%
Annar rekstrarkostnaður	769	778	-9	-1%	859	-91	-11%
	11.301	11.259	41	0%	11.039	262	2%

Laun og launatengd gjöld lækkuðu um 6% frá 2023, eða um 229 m.kr., og eru einnig 4% undir áætlun fyrir 2024. Þegar leiðrétt er fyrir gjaldfærslu upp á 257 m.kr. árið 2023, sem tengdist tryggingafræðilegu endurmati lífeyrisskuldbindinga, eru laun og launatengd gjöld nánast óbreytt milli ára 2023 og 2024.

Nýr kjarasamningur var undirritaður í nóvember 2024 með gildistíma frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028, sem felur í sér launahækkanir í samræmi við þróun vinnumarkaðarins. Þar sem samningurinn tók gildi um mitt ár, höfðu launahækkanir takmörkuð áhrif á launakostnað 2024. Auk þess var yfirvinna minni árið 2024, en starfsmannafjöldi stóð nánast í stað, sem útskýrir að mestu leyti litla breytingu á launakostnaði milli ára.

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur jókst um 8% frá 2023, eða um 389 m.kr., og er einnig 3% yfir áætlun ársins 2024. Stærsti hluti þessarar hækkunar kemur frá aðkeyptum akstri, sem er greiddur til verktaka samkvæmt útboði. Kostnaður við aðkeyptan akstur hækkaði um 11% milli ára, eða um 436 m.kr. Helstu ástæður þessarar hækkunar eru áhrif nýs útboðs, sem tók gildi í ágúst 2024 og leiddi til aukins rekstrarkostnaðar, auk almennra verðhækkana. Samningar við verktaka eru verðtryggðir og taka mið af breytingum í verðlagi, sem hafði einnig áhrif á kostnaðaraukninguna. Með nýju útboði var einnig gerð krafa um að allur vagnafloki akstursaðila verði kolefnislaus fyrir árslok 2029, í samræmi við stefnu Strætó um kolefnislausan rekstur frá og með 2030. Þessar auknu kröfur, ásamt almennri verðhækkun og aðlögun að nýju þjónustufyrirkomulagi, leiddu til hækkunar á kostnaði við aðkeyptan akstur. Kostnaðaraukninguna má því að hluta rekja til umfangsmeiri skilyrða sem stuðla að sjálfbærni og orkuskiptum í almenningssamgöngum. Viðhalds- og viðgerðakostnaður lækkaði hins vegar um 17% (52 m.kr.) frá fyrra ári. Þetta skýrist af stórum viðgerðum árið 2023, þar sem m.a. var skipt um vélar í nokkrum vögnum vegna aldurs þeirra. Þar sem

Rekstur vagna og aðkeyptur akstur (í m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Mism.	%
Aðkeyptur akstur	4.373	3.937	436	11%
Viðhalds og viðgerðakostnaður	262	315	-52	-17%
Orkugjafir	412	446	-34	-8%
Annar rekstrarkostnaður vagna	220	181	39	22%
	5.268	4.879	389	8%

slíkar umfangsmiklar viðgerðir voru ekki nauðsynlegar árið 2024, lækkaði viðhaldskostnaður Strætó. Orkugjafar lækkuðu einnig milli ára um 8% (34 m.kr.), sem má að mestu rekja til minnkaðrar notkunar á eldsneyti og lægra meðalverðs á lítra. Keypt eldsneytismagn minnkaði um 5%. Auk þess lækkaði meðalverð á lítra úr um 3%, sem leiddi til frekari kostnaðarlækkunar. Samtals hafði þessi þróun í eldsneytiskostnaði í för með sér 10% lækkun. Annar rekstrarkostnaður vagna hækkaði um 22% milli ára, eða um 39 m.kr., að mestu vegna aukinnar leigu á vögnum. Leiguvagnar hafa verið nauðsynlegir til að viðhalda nægjanlegu framboði á þjónustu á meðan unnið er að endurnýjun flotans, þar sem margir vagnar eru orðnir of slitnir til áframhaldandi notkunar. Þrátt fyrir þessa ráðstöfun hefur sífellt oftar komið upp sú staða að hætta þurfi við ferðir vegna skorts á tiltækum vögnum. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að flýta fyrir endurnýjun vagnaflotans til að tryggja stöðuga og áreiðanlega þjónustu fyrir farþega.

Í heildina hefur hækkun rekstrarkostnaðar að mestu leyti verið drifin áfram af auknum kostnaði við aðkeyptan akstur, á meðan eldsneytisnotkun og viðhaldskostnaður hefur lækkað. Hins vegar er áfram óvissa varðandi endurnýjun vagnaflotans vegna mikillar keyrslu og aldurs, sem gæti haft áhrif á viðhaldskostnað til framtíðar.

Pant akstursþjónusta sýnir einnig hækkun, þar sem kostnaður jókst um 12% frá 2023, eða um 192 m.kr.. Þessi aukning skýrist af metfjölda ferða á árinu 2024.

Annar rekstrarkostnaður lækkaði um 11% frá 2023, eða um 91 m.kr., og var einnig 1% undir áætlun fyrir 2024. Þessi lækkun skýrist að mestu af gjaldfærslu upp á 115 m.kr. árið 2023 vegna endanlegrar niðurstöðu dómsmáls frá 2010, sem féll í Landsrétti í lok ársins 2023. Þar sem þessi gjaldfærsla var einskiptiskostnaður, hefur það veruleg áhrif á samanburð rekstrarkostnaðar milli ára.

Myndin sýnir skiptingu rekstrargjalda Strætó bs. árið 2024. Stærsti hluti kostnaðar tengist rekstri vagna og aðkeyptum akstri, en laun og launatengd gjöld eru einnig verulegur hluti útgjalda. Kostnaður við Pant akstursþjónustu og annan rekstrarkostnað vegur minna, en samanlagt endurspeglar þessir liðir helstu útgjaldaflokka Strætó í rekstri almenningssamgangna.



Efnahagur

Heildareignir Strætó bs. námu 3.052 m.kr. í árslok 2024, samanborið við 3.211 m.kr. árið 2023. Lækkunin skýrist aðallega af minni veltufjármunum, en þar vegur þyngst lækkun á kröfum á tengda aðila. Í lok árs 2023 var þessi krafa óvenjuhá vegna niðurstöðu dómsmáls, en í janúar 2024 greiddi Strætó 437 m.kr. í skaðabætur vegna máls frá 2010, sem féll í Landsrétti í lok ársins 2023 og var að stærstum hluta fjármagnað með framlagi frá eigendum.

Fjárfest var í tveimur rafmagnsvögnum, hleðslustöðvum og ýmsum búnaði í strætisvagna, auk áframhaldandi þróunarkostnaðar við greiðsluferfi Strætó. Seinni hluta árs 2024 innleiddi Strætó tvær nýjar greiðslulausnir til að einfalda og bæta greiðsluferlið fyrir farþega: snertilausar greiðslur og Kapp greiðsluþak. Þessar fjárfestingar og tæknilegar uppfærslur eru hluti af áframhaldandi stafrænum umbreytingum Strætó, sem miða að því að bæta þjónustu og gera almenningssamgöngur skilvirkari og aðgengilegri.

Vagnafloti Strætó er metinn á bókfærðu verði, þar sem niðurlagsverð er að hámarki 10% af stofnkostnaði. Þetta þýðir að verðmæti flotans er ekki skráð á markaðsverði, heldur byggist á reikningsskilavenjum sem endurspeglar endingartíma vagna í rekstri.

Eigið fé félagsins er neikvætt um 161 m.kr., en batnaði frá fyrra ári þegar það var neikvætt um 364 m.kr. Þetta skýrist af jákvæðri rekstrarniðurstöðu ársins 2024.



Heildarskuldir lækkuðu um 362 m.kr. milli ára, að mestu leyti vegna lægri skammtímaskulda. Þessi lækkun skýrist aðallega af greiðslu 437 m.kr. í skaðabætur í janúar 2024, sem voru ógreiddar í árslok 2023 og því hluti af skammtímaskuldum þess árs. Langtímaskuldir og lífeyrisskuldbindingar standa að mestu í stað.

Efnahagsstaða Strætó sýnir viðsnúning til betri vegar með lægri skuldbindingum og batnandi eiginfjárstöðu, en áfram er mikilvægt að tryggja sjálfbærni í rekstri og fjármögnun til framtíðar.

Sjóðstreymi

Handbært fé í upphafi árs nam 370 m.kr. og veltufé frá rekstri var jákvætt um 514 m.kr., sem stuðlaði að hækkun lausafjárstöðu. Helstu útgjöld ársins voru breytingar á rekstrarfjármunum og skuldum (-214 m.kr.), fjárfestingar (-195 m.kr.) og afborganir lána (-108 m.kr.). Engin ný lán voru tekin á árinu.

Myndin sýnir þróun veltufjár frá rekstri sem hlutfall af tekjum á árunum 2019–2024. Árið 2019 var hlutfall veltufjár jákvætt um 3%,



en lækkaði í -2% árið 2020 og hélt áfram á svipuðu stigi árið 2021. Árið 2022 var neikvæðasta árið í rekstri með -4%, sem bendir til þess að rekstrarkostnaður hafi verið meiri en innkoma af rekstri. Frá árinu 2023 hefur þróunin verið jákvæð, með veltufé frá rekstri að hlutfalli 2% af tekjum það ár og 4% árið 2024. Þessi viðsnúningur bendir til bætts sjóðstreymis, lægri rekstrarkostnaðar í hlutfalli við tekjur og markvissrar stjórnar á fjárhag félagsins. Þróunin sýnir að rekstur félagsins hefur tekið viðsnúning eftir erfitt tímabil, þar sem veltufé frá rekstri hefur færst úr neikvæðri stöðu yfir í jákvæða. Fargjaldatekjur og framlög eigenda standa nú betur undir rekstrarkostnaði, sem hefur skilað sér í sterkara sjóðstreymi og bættri lausafjárstöðu. Með þessari þróun hefur reksturinn orðið stöðugri og sjálfbærari til lengri tíma, þar sem aukið veltufé gerir félaginu kleift að standa undir útgjöldum án frekari fjármögnunar.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur Strætó fyrir árin 2020-2024:

Strætó	2020	2021	2022	2023	2024
Eiginfjárhlutfall	39,9%	25,9%	0,3%	-11,3%	-5,3%
Veltufjárhlutfall	0,8	0,7	0,7	0,5	0,6
Uppgreiðslutími	-6,3	-9,7	-4,2	7,0	3,3
Heildarskuldir/rekstrartekjum	24%	28%	33%	32%	27%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	-2,0%	-1,6%	-4,4%	2,2%	4,3%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	-1,7%	-1,3%	-3,8%	0,4%	4,7%

Eiginfjárhlutfall hefur lækkað stöðugt frá 40% árið 2020 niður í -5% árið 2024. Þessi þróun endurspeglar vaxandi skuldir og neikvæða rekstrarniðurstöðu árin 2021 og 2022, sem leiddu til þess að eiginfjárstaðan varð neikvæð. Árið 2024 er eigið fé enn neikvætt, þó að staðan hafi skánað frá fyrra ári.

Veltufjárhlutfall hefur sveiflast á bilinu 0,5–0,8 á tímabilinu, en var lægst árið 2023. Hlutfallið var 0,6 árið 2024, sem bendir til þess að félagið eigi ekki nægjanlegt veltufé til að standa alfarið undir skammtímaskuldum. Þetta gefur til kynna að lausafjárstaða sé veik og að fjárhagslegur sveigjanleiki sé takmarkaður, sem gæti kallað á frekari úrræði til að styrkja lausafjárstöðu og tryggja stöðugleika í rekstri.

Hlutfall heildarskulda af rekstrartekjum jókst úr 23,9% árið 2020 í hámark 32,9% árið 2022, sem sýnir að skuldir jukust hraðar en tekjur. Árið 2024 lækkaði þetta hlutfall í 27,1%, sem bendir til þess að skuldastaða hafi styrkst miðað við tekjur félagsins.

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var neikvætt árin 2020–2022, sem þýðir að reksturinn skilaði ekki nægu sjóðstreymi til að standa undir útgjöldum. Árið 2023 var þetta hlutfall orðið jákvætt (2,2%), og styrktist enn frekar árið 2024 í 4,3%, sem sýnir að reksturinn er orðinn sjálfbærari með betra sjóðstreymi.

Framlegð (EBITDA) sem hlutfall af rekstrartekjum var neikvæð á árunum 2020–2022, sem bendir til þess að rekstrarkostnaður var hærri en tekjur. Árið 2023 varð framlegðin jákvæð í fyrsta sinn á tímabilinu (0,4%), og jókst verulega árið 2024 í 4,7%. Þessi þróun sýnir að Strætó hefur náð að bæta rekstrarafkomu sína með lægri rekstrarkostnaði og auknum tekjum.

Tímabilið 2020–2022 einkenndist af neikvæðu eigin fé, neikvæðu sjóðstreymi og hárrí skuldsetningu miðað við tekjur. Frá árinu 2023 hefur fjárhagsstaðan batnað með jákvæðri framlegð, auknu sjóðstreymi og betri skuldastöðu. Þrátt fyrir jákvæða þróun er eiginfjárhlutfall enn neikvætt, sem undirstrikar þörfina fyrir áframhaldandi fjárhagslega endurskipulagningu og sjálfbærari rekstur til framtíðar.

Áhættustjórnun

Strætó bs. hefur innleitt heildstæða áhættustýringu sem felur í sér greiningu, mat og viðbrögð við helstu áhættuþáttum í starfseminni. Unnið er að formlegri áhættustefnu sem skilgreinir áhættuþol og áhættuvilja félagsins með það að markmiði að draga úr óvissu, auka öryggi og tryggja áreiðanlegan rekstur.

Helstu áhættuþættir tengjast rekstri, fjármálum og ytri aðstæðum. Fjárhagsleg áhætta felur í sér sveiflur í tekjum, breytingar á opinberum framlögum og óvæntar kostnaðarhækkanir. Rekstrarleg áhætta snýr að truflunum í þjónustu, tæknilegum örðugleikum og skorti á starfsfólki. Löggjafar- og reglugerðaráhætta getur kallað á breytingar í rekstri vegna nýrra krafa um öryggi og umhverfismál. Markaðsáhætta tengist breyttum ferðavenjum og samkeppni frá öðrum samgöngumátum, en orku- og umhverfisáhætta felur í sér hækkandi orkuverð og aðgengi að vistvænum orkugjöfum.

Strætó leggur áherslu á reglulegt mat á þessum þáttum og mótun aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum þeirra. Með skýrri áhættustýringu og innra eftirliti er tryggt að félagið geti mætt áskorunum og stuðlað að skilvirkum, öruggum og sjálfbærum almenningssamgöngum.

Aðlögun leiðakerfisins að Borgarlínunni er stórt verkefni sem mun hafa veruleg áhrif á starfsemina. Markmiðið er að bæta almenningssamgöngur og auka notendavænleika, en breytingarnar gætu tímabundið haft áhrif á núverandi farþega og krafist viðbótarúrreka til að tryggja samfellda þjónustu á meðan umbreytingin fer fram.

Hækkandi rekstrarkostnaður, meðal annars vegna launahækkana, viðhalds og orkuverðs, skapar áskoranir fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Þessar kostnaðarbreytingar geta haft áhrif á getu Strætó til að viðhalda þjónustustigi og fjárfesta í nauðsynlegum innviðum.

Strætó vinnur að því að draga úr kolefnislosun í samræmi við stefnu stjórnvalda, en fjármögnun til að ná því markmiði hefur ekki verið að fullu tryggt.

Áhrif ytra umhverfis á starfsemi Strætó

Rafvæðing og innleiðing umhverfisvænni vagna er lykilþáttur í langtímastefnu Strætó. Þessi þróun krefst umtalsverðrar fjárfestingar í nýjum vögnum og uppbyggingar á nauðsynlegum hleðsluinnviðum til að tryggja skilvirkan og öruggan rekstur. Orkuframboð og afhendingargeta rafmagns verða lykilþættir, þar sem aðgengi að nægjanlegri raforku er forsenda fyrir öruggum og skilvirkum orkuskiptum. Samvinna við opinbera aðila, dreifiveitur og sveitarfélög er nauðsynleg til að tryggja að raforkukerfið styðji við innleiðingu rafvagna án þess að skerða afhendingaröryggi á öðrum sviðum.

Til lengri tíma mun rafvæðing Strætó draga úr rekstrarkostnaði með lægri eldsneytiskostnaði og minni viðhaldsþörf. Aftur á móti fylgja henni áskoranir, svo sem háar stofnfjárfestingar, aukið álag á rafdreifikerfið og þörf fyrir sveigjanlegt rekstrarfyrirkomulag vegna hleðslutíma.

Aukin umferð á höfuðborgarsvæðinu hefur haft veruleg áhrif á þjónustu Strætó, sérstaklega á háannatímum, þar sem seinkanir hafa orðið tíðari og ferðatími lengst. Helstu áhrifaþættir eru fjölgun okutækja, lækkun hámarkshraða og takmarkaður forgangur strætisvagna í umferðinni. Til lengri tíma litið mun uppbygging Borgarlínunnar gegna lykilhlutverki í því að bæta skilvirkni almenningssamgangna. Með nýjum sérakreinum, forgangi í umferð og betri tengingu milli samgöngumáta verður ferðatími almenningssamgangna styttri og áreiðanleiki þeirra meiri. Uppbyggingin mun stuðla að því að gera almenningssamgöngur samkeppnishæfari valkost við einkabílinn og styðja við sjálfbærar samgöngulausnir til framtíðar.

Rekstur félagsins hefur verið krefjandi undanfarin ár, meðal annars vegna hækkandi aðfangakostnaðar umfram tekjuvöxt. Eigendur hafa lagt félaginu til aukaframlög til að bregðast við þessum áskorunum og tryggja áframhaldandi starfsemi.

Með uppfærðum Samgöngusáttmála hefur ríkið aukið fjárstuðning sinn við félagið, og á fyrstu mánuðum ársins 2025 hefur meira fjármagn borist frá ríkinu en áður. Með hliðsjón af fjárhagsáætlun og auknu framlagi frá ríkinu er rekstrarhæfi Strætó tryggt.

Framtíðarhorfur

Í samræmi við uppfærðan Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, sem undirritaður var í ágúst 2024, hefur verið ákveðið að stofna nýtt félag með aðkomu ríkisins og sveitarfélaganna sem nú eiga Strætó bs. Nýja félagið mun bera ábyrgð á stefnumótun, uppbyggingu og rekstri almenningssamgangna, þar á meðal Borgarlínunni, með það að markmiði að bæta skilvirkni og samhæfingu samgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu.

Viðræðuhópur skipaður fulltrúum ríkisins og sveitarfélaganna vinnur nú að því að skilgreina fyrirkomulag hins nýja félags, þar á meðal stjórnskipulag þess og ábyrgðarsvið.

Stofnun nýja félagsins mun hafa umtalsverð áhrif á Strætó bs. Breytingar á rekstrarfyrirkomulagi gætu leitt til þess að hlutverk Strætó verði endurskoðað og að verkefni og ábyrgð færist til hins nýja félags. Þar sem ríkið mun bera þriðjung rekstrarkostnaðar almenningssamgangna, að fráðregnum farþegatekjum, má gera ráð fyrir breyttum fjárhagsramma, sem gæti styrkt fjárfestingar í innviðum og þjónustu.

Innleiðing Borgarlínunnar mun einnig hafa veruleg áhrif á framtíð Strætó. Núverandi leiðakerfi verður aðlagð að Borgarlínunni með auknum forgangi almenningssamgangna og bættri tengingu milli svæða. Strax á haustmánuðum 2025 er stefnt að því að auka tíðni ferða á lykilleiðum, sem mun stuðla að betri þjónustu og stytta biðtíma fyrir farþega. Jafnframt verður áfram unnið að orkuskiptum og tæknilegri þróun til að bæta þjónustu og rekstrarskilyrði.

Til lengri tíma litið er markmiðið að gera almenningssamgöngur að samkeppnishæfum valkosti við einkabílinn, bæta þjónustu við farþega og stuðla að sjálfbærari samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Strætó mun í framhaldinu laga starfsemi sína að þessum breytingum í samvinnu við hagaðila til að tryggja skilvirka innleiðingu og áreiðanlegan rekstur fyrir notendur almenningssamgangna.

Uppbygging hleðsluinnviða er lykilþáttur í orkuskiptum. Verkefnið er umfangsmikið og krefst heildarskipulagningar til langstíma til að tryggja nægjanlegt orkuframboð, rekstraröryggi og skilvirkni. Innviðauppbýgging hleðslustöðva er þegar hafin og felur í sér greiningu á staðsetningum, tæknilegum lausnum og samstarfi við orkufyrirtæki og sveitarfélög.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Viðsnúningur hefur orðið í rekstri félagsins samanborið við síðustu ár og var 204 m.kr. hagnaður af rekstri Strætó árið 2024 sem einkum má rekja til hærri framlaga frá eigendum fyrirtækisins og aðhaldi í rekstri en rekstrarútgjöld voru í samræmi við áætlun.
- Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á fyrirkomulagi almenningssamgangna hefur ríkið ákveðið að koma inn með aukið fjármagn til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2025 gerir ráð fyrir að framlag ríkisins aukist um 2,2 milljarða króna, sem mun færa ríkisframlagið úr tæpum 900 milljónum króna í 3,1 milljarð króna. Þessi breyting er hluti af viðtækari stefnumótun stjórnvalda í samgöngumálum og tengist m.a. fyrirhugaðri stofnun nýs félags sem á að sinna almenningssamgöngum.
- Ekki hefur enn verið skilgreint með nákvæmum hætti hvert hlutverk Strætó verður í nýju fyrirkomulagi og hvernig verkaskiptingin milli Strætó og hins nýja félags verður útfærð. Óvissa ríkir því um framtíðarhlutverk Strætó bs., þar sem verið er að endurskoða rekstrarfyrirkomulag almenningssamgangna með aukinni aðkomu ríkisins. Þessar breytingar geta haft áhrif á fjármögnun, stjórnun og þjónustu Strætó til framtíðar og mun næstu misseri skera úr um hvernig þetta nýja fyrirkomulag verður útfært.
- Hækkun rekstrarkostnaðar hefur að mestu leyti verið drifin áfram af auknum kostnaði við aðkeyptan akstur, á meðan eldsneytisnotkun og viðhaldskostnaður hefur lækkað. Hins vegar er áfram óvissa varðandi endurnýjun vagnaflorens vegna mikillar keyrslu og aldurs, sem gæti haft áhrif á viðhaldskostnað til framtíðar.
- Kostnaður við aðkeyptan akstur hækkaði um 11% milli ára, eða um 436 m.kr. Helstu ástæður þessarar hækkunar eru áhrif nýs útboðs, sem tók gildi í ágúst 2024 og leiddi til aukins rekstrarkostnaðar, auk almennra verðhækkana. Kostnaðaraukninguna má að hluta rekja til umfangsmeiri skilyrða sem stuðla að sjálfbærni og orkuskiptum í almenningssamgöngum.
- Vegna uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í samantekinn ársreikning Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,577% árið 2024 en 56,552% árið 2023:

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2024	Raun 2023	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.712	6.271	441	7%
Rekstrargjöld	-6.394	-6.243	-151	2%
EBITDA	318	28	290	1029%
EBIT	179	-129	308	-240%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-64	-83	19	-23%
Rekstrarniðurstaða	115	-212	327	-154%

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegan rekstur almenningssamgangna. Breytingin mun hafa mikil áhrif á framtíðarrekstur Strætó bs. Mikilvægt er að gætt sé að fjárhagslegum hagsmunum Strætó bs. við þær breytingar.
- Kennitölur fyrirtækisins hafa batnað milli ára en eigið fé er þó enn neikvætt um 161 m.kr.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2024 áttu Félagbústaðir 3.140 íbúðareiningar. Þar af voru 71% almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 11% þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 15% íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 2% íbúðareiningar fyrir heimilisláusa og 1% húsnæði utan kjarnastarfsemi.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir sf.** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Jafnlaunastofa sf. er samvinnufélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum meðal annars með fræðslu og ráðgjöf, ásamt stuðningi við þróun greiningar- og matstækja sem stuðla að launajafnrétti og stuðla að gagnsæi launaákvæðana. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til suður- og vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísu, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Dótturfyrirtæki í samstæðu Orkuveitunnar eru:

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi
Ljósleiðarinn ehf.	Gagnaflutningar
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag
Veitur ohf.	Uppbygging og rekstur veitukerfa
Orka náttúrunnar ohf.	Vinnsla og sala rafmagns
ON Power ohf.	Vinnsla og sala rafmagns
OR - vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Carbfix hf.	Ráðgjöf, rannsóknir og nýsköpun
Coda Terminal hf.	Uppbygging og rekstur á móttöku- og förgunarstöð fyrir koldíoxíð.

Íþróttar- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

SORPA bs er 58,3% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. SORPA annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið er eignarhaldsfélag og var ekki með daglegan rekstur á árinu 2024. Félaginu verður slitið á árinu 2025.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.